

# Andrá í Orkuveitu

Þrjár myndlistarkonur, þær Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Guðrún Kristjánsdóttir og Guðbjörg Lind, sýna um þessar mundir í húsi Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1. Þar er sýningarsalur á jarðhæðinni sem nefnist Gallerí 100°.

„Þetta er stór og fallegur salur,“ segir Kristín. „Á vissan hátt er þessi sýning innsetning því við tengjum verkin saman í salnum.“

Þær eru hver af sinni kynslóðinni en eiga samt ýmislegt sameiginlegt í myndlistinni. Þess vegna hafa þær sýnt saman nokkrum sinnum, meðal annars í listasafni ASÍ og svo á Spáni í Santiago de Compostela.

„Þetta er fjórða samsýningin okkar. Okkur fannst vera einhver samnefnari í verkum okkar, jafnvel þótt við séum ekki beint líkar. Við köllum okkur Andrá eða Moment.“

Sýninguna í Gallerí 100° nefna þær Strauma, enda er vatnið þeim hugleikið í þessari sýningu og vel við hæfi að kanna eiginleika vatnsins á þessum stað, þar sem Orkuveitan er til húsa.

„Á öllum sýningunum okkar höfum við verið með íslenska náttúru,“ segir Kristín, en bætir því við að náttúran eigi kannski að vera innan gæsalappa. „Þetta er frekar einhvers konar náttúrusýn.“

Kristín sýnir tvö verk sem bæði nefnast farvegir. Annað eru teikningar af árfarvegum á Íslandi, en hitt eru pípur með ljóðum þar sem vatnið kemur einnig við sögu.

„Þetta eru plexiglerpípur sem ég set á vegg, en í staðinn fyrir að hafa vatn í pípunum þá set ég ljóðlínur úr ljóðum eftir íslensk skáld. Þetta eru stuttar setningar sem allar eru um vatn. Þær eru límdar á hólkana en kastast síðan á vegginn.“

Vatnið kemur einnig við sögu í verki Guðrúnar þar sem reynt er að lesa í skriftina sem bráðnandi snjór myndar. Sömuleiðis leikur vatnið stórt hlutverk í verkum Guðbjargar Lindar, innsetningu sem hún nefnir „Þar sem ég má næðis njóta“ og býr hún þar til sérstæðan heim úr mosabreiðum, speglum, málverkum og skúlptúrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL



„ÞAR SEM ÉG MÁ NÆÐIS NJÓTA“ Þær Guðbjörg, Kristín og Guðrún eiga ýmislegt sameiginlegt í myndlistinni og sýna um þessar mundir saman í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi.

„Við unnum þessa sýningu hver í sínu lagi, hver með sína hugmynd en hittumst mjög oft á meðan við vorum að vinna verkin og skoðuð- um hver hjá annarri,“ segir Kristín. „Stundum breytti það einhverju, það myndadist einhver

straumur sem færði okkur saman án þess þó að við misstum neitt sjálfstæði úr okkar verkum.“

Sýning þeirra Guðbjargar, Guðrúnar og Kristínar stendur til 25. október og er opin virka daga frá 8.30 til 16. ■